



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 5. júní 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Kjalarnes, Esjumelar

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst í að rýmka heimildir fyrir iðnaðarstarfsemi með ákveðnum skilyrðum, á tiltekinni lóð á Esjumelum í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið sem er auglýst samhliða. Jafnframt er gert ráð fyrir lóð undir veitumannvirki við norðvesturenda svæðisins, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 13. febrúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí 2019.

Samþykkt.

Leiðrétt bókun frá síðasta fundi, dags, 29. maí 2019:

Rétt bókun er:


Samþykkt.

Visað í borgarráð.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. Landmótunar dags. 13. febrúar 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí 2019 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 29. maí 2019.



Deiliskipulagsbreyting Athafnasvæði Esjumelar og Varmidalur. Umrædd lóð mörkuð rauðum hring. Mkv. 1:4000


Umhverfisþættir og viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum eru byggðar á lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindinga á alþjóðavísu. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði við mat á einkennum og vægi þeirra áhrifa sem skipulagsbreytingin hefur í för með sér.

Umhverfisþáttur	Viðmið
Lýðheilsa	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.
Landslag/ásýnd	Stefnumið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um grænu borgina. Fráveita Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
Menningarminjar	Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Umhverfisþættir

Lýðheilsa / Loftmengun	Vægi	Svæðið sem umræðir er í dag skilgreint sem athafnasvæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir iðnaði og annarri starfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhrættu í för með sér. Samkvæmt breytingartilöggunni verður starfsemi sorpflokkunar og endurvinnslu heimil á umræddri lóð.
Landslag og ásynd	Vægi	Umráð starfsemi sem heimilið verður við breytinguna getur mögulega haft neikvæð áhrif á aðliggjandi svæði vegna lyktarmengunar þ.e. meira en önnur starfsemi sem heimil er í dag á lóðinni. Skýringar og mótvægisáðgerðir Helstu þættir starfseminnar sem geta haft í för með sér lyktarmengun er sorpflokkunin og moltugerðin. Til þess að lágmarka lyktarmengun skal útblástur hreinsaður áður en hann er losaður út í andrúmsloftið. Vöktun vegna lyktarmengunar er skilyrt vegna nálægðar við útivistarsvæði og íbúðarbyggð. Áhrif breytingarinnar á umhverfisþáttinn er því óveruleg/neikvæð.
Fráveita og mengun vatns	Vægi	Ekki eru gerðar breytingar á hámarksþéttu hæstu byggingu né á veggghæð. Nýtingarhlutfall er lækkað úr 0,3 í 0,2. Skýringar og mótvægisáðgerðir Gerð er krafa um að svæðið verði afgirt og gróðri komið fyrir á lóðarmörkum til að minnka ásynd af athafnasvæði og nærliggjandi útivistarsvæði á iðnaðarlóðina. Áhrif breytingarinnar á umhverfisþáttinn er því óveruleg/jákvað.
Menningarminjar	Vægi	Innan deiliskipulagsvæðisins er stórt votlendissvæði og einnig er vatnasvæði bæði Leirvogssár og Leirvogs innan svæðisins. Einnig er Kollafjörður viðtaki ofanvatns af norðurhluta Esjumela. Umrædd lóð er á norðurhluta deiliskipulagsvæðisins og landlega þannig að áhrif frárennslis af lóðinni gæti gætt í Kollafirði. Sú starfsemi sem heimil verður innan lóðarinnar gæti mengað vatn og jarðveg á svæðinu sem og á aðliggjandi svæðum.
Dýralíf	Vægi	Skýringar og mótvægisáðgerðir Gerð er krafa um að öll fráveita og sigvatn frá starfsemi innan lóðarinnar verði leitt í lokað fráveitukerfi og ekki tengt blágrænum ofanvatnslausnum. Farið er fram á reglulega vöktun frárennslis við lóðina. Áhrif breytingarinnar á umhverfisþáttinn er því óveruleg. Engar menningarminjar eru innan lóðarinnar og hefur breytingin því ekki áhrif á umhverfisþáttinn.
	Vægi	Sú starfsemi sem heimil verður á lóðinni getur dregið að sér fugla, skordýr, nagdýr eða önnur meindýr sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfið og annað dýralíf. Skýringar og mótvægisáðgerðir Sá hluti jarðgerðarinnar sem meindýr sækjast helst í fer fram í lokuð jarðgerðargámum sem hindrar aðgengi dýranna. Farið er fram á varnaráætlun vegna meindýra fyrir starfsemina. Áhrif breytingarinnar á umhverfisþáttinn er því óveruleg.



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

	Deiliskipulagsmörk		Hverfisvernd
	Lóðamörk		Gróðursvæði í borgarlandi
	Byggingarreitur		Skjóbelti í borgarlandi
	Bindandi byggingalína		Kvóð um veitulagnir
	Lóðarstærð fermetrar		Dreifistöð
	Mænistefna		Húsnúmer
	Götur		VP Verslun og þjónusta
	Hjólástígur		P43 Hámarksfjöldi bílastæða
	Þjónustustígur		Núv. byggingar
	Ofanvatnslausnir		Reiðleið
	Settjarnir		

Inngangur

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Esjumela sem öðlaðist samþykkt í B-deild stjórnartíðinda 28. október 2016, síðast breytt í júlí 2018.

Samhliða er gerð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og í því er verið að rýmka heimildir fyrir iðnað sem talinn er geta haft mengun í för með sér, en ekki gert ráð fyrir starfsemi sem getur haft neikvæð áhrif á útivistarsvæði og nærliggjandi íbúðarbyggð. Dæmi um starfsemi sem heimild er fyrir eru efnisvinnslustöðvar, flokkunarmiðstöðvar, malbikunarstöðvar og steypustöðvar, að því gefnu að umhverfisáhrif teljist ásættanleg. Innan þeirrar lóðar, D-melur 1, sem breytingin nær til mun Íslenska Gámafélagið vera með starfsemi sína.

Markmið

- Að tryggja aukni framboð lóða fyrir mengandi iðnað sem vikja af eldri iðnaðarsvæðum.
- Að tryggja að mengandi starfsemi sem fyrirhuguð er á takmörkuðu svæði skerði sem minnst ásynd athafnasvæðisins og grunnhugmyndin um græna ásynd athafnasvæðis haldi sér eins og kostur er.

Breyting A

Breytingin nær til einnar lóðar innan deiliskipulagsins en það er lóð sem skilgreind er sem D-Melur 1 í deiliskipulaginu. Gerð er breyting á skilmálum lóðarinnar þar sem nýtingarhlutfall er lækkað úr 0,3 í 0,2. Þar sem um er að ræða breytingu þar sem verið er að leyfa starfsemi sem flokkast undir mengandi iðnað þá eru sett ákvæðin skilyrði fyrir umrædda lóð. Sett eru sérákvæði fyrir þessa tilteknu lóð sem skilar sér inn á skilmálatöflu deiliskipulagsins.

Sérákvæði lóðar:

- Gerð er krafa um að svæðið verði afgirt og gróðri komið fyrir á lóðarmörkum til að minnka ásynd af athafnasvæði og nærliggjandi útivistarsvæði á iðnaðarlóðina, eins líka til að takmarka fohættu af svæðinu.
- Moltugerð, eða sambærileg starfsemi, er ekki leyfðu undir berum himni/ utandyra til þess að lágmarka lyktar- og sjónmengun og koma í veg fyrir ásókn meindýra, skal það annað hvort gert með því að reisa hús yfir starfsemina eða með öðrum aðgerðum eins og ábreiðslu.
- Gerð er krafa um að dregið verði úr lyktarmengun á svæðinu þegar það á við með víðeigandi búnaði eða hönnun.
- Mengunarvarnir skulu vera í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerð 724/2008 um hávaða.

Varðandi fráveitu innan lóðar þá eru sett eftirfarandi ákvæði

- Eingöngu má tengja frárennslis úr byggingum og yfirbyggðum svæðum inn á skólplagnir.
- Ofanvatn frá lóð tengist í regnvatnslagnir Veitna efir að hafa fengið viðunandi hreinsun innan lóðar.
- Gera skal grein fyrir ofanvatnslausnum í byggingarleyfisumsókn og aðaluppdráttum vegna byggingarleyfis.
- Taka skal sérstaklega á því í starfsleyfi, þegar það á við, í hverju viðunandi hreinsun á ofanvatni felst og fer það eftir eðli starfsemi hverrar lóðar og tegund viðtaka ofanvatns, sem er annars vegar Flóalækur og Kollafjörður og hins vegar Leirvogsa.

Breyting B

Gert er ráð fyrir lóð undir veitumannvirki við norðvesturenda svæðisins. Lóðin er 1.370 m². Til þess að koma henni fyrir þá er reidvegur og göngu- og hjólástígur færðir. Skipulagsvæðið stækkar einnig um 2.800 m². Settir eru inn þjónustustígur við það deiliskipulagsvæðisins til þess að tengja saman settjarnir sem og einnig tengingu við nýja lóð undir veitumannvirki.

Gerðar eru einnig breytingar á götunöfnun en ný götunöfn eru sett inn en þeim eldri haldið inni innan sviga. Er þetta gert í samræmi við samþykkt borgarráðs dags. 17. desember 2018.

Umhverfisáhrif skv. 12. gr. skipulagslaga

Sett er fram mat á þeim umhverfisþáttum sem skipulagsbreytingin hefur hugsanleg áhrif á og greint frá mögulegum mótvægisáðgerðum fyrir hvern þátt ef matið reynt neikvætt. Einnig eru settar fram kvæðir varðandi vöktun á þeim umhverfisþáttum sem hugsanlega geta haft í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvað	+ Áhrif áætlanar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikili svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg	0 Áhrif áætlanar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.
Neikvæð	- Áhrif áætlanar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikili svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og forminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

Núverandi skilmálar:

Nýtt götuheiti	Deiliskipulag			Athugasemdir og skilmálar
	B.magn m ²	Nýtingarhlutfall	Lóð m ²	
D-melur 1	10864,8	0,3	36.216	Óbyggð lóð. Gert er ráð fyrir nokkrum byggingum á svæðinu en hámarksþétt á hæstu byggingu er 20 í mæni og veggghæð 15 m. Heimilt er að leggja vinnuslóða á milli lóðarinnar og Kistumels 22.

Breyttir skilmálar:

Nýtt götuheiti	Deiliskipulag			Athugasemdir og skilmálar
	B.magn m ²	Nýtingarhlutfall	Lóð m ²	
D-melur 1	7243,2	0,2	36.216	Óbyggð lóð. Gert er ráð fyrir nokkrum byggingum á svæðinu en hámarksþétt á hæstu byggingu er 20 í mæni og veggghæð 15 m. Heimilt er að leggja vinnuslóða á milli lóðarinnar og Kistumels 22. <ul style="list-style-type: none"> Gerð er krafa um að svæðið verði afgirt og gróðri komið fyrir á lóðarmörkum til að minnka ásynd af athafnasvæði og nærliggjandi útivistarsvæði á iðnaðarlóðina, eins líka til að takmarka fohættu af svæðinu. Moltugerð, eða sambærileg starfsemi, verði ekki undir berum himni til að draga úr lyktarmengun og sjónmengun, skal það annað hvort gert með því að reisa hús yfir starfsemina eða með öðrum aðgerðum eins og ábreiðslu. Gerð er krafa um að dregið verði úr lyktarmengun á svæðinu þegar það á við með víðeigandi búnaði eða hönnun. Fráveita af svæðinu liggja í lokað fráveitukerfi og tengist ekki blágrænum ofanvatnslausnum. Mengunarvarnir skulu vera í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerð 724/2008 um hávaða.

Umhverfisáhrif breytingarinnar þar sem heimildir eru rýmkaðar á einni lóð eru á þá leið að möguleg neikvæð áhrif munu verða á lýðheilsu, ásynd, fráveitu og loft. Neikvæð áhrif á lýðheilsu og loft stafa af mögulegri lyktarmengun af svæðinu við vissar aðstæður. Möguleg mengun vegna frárennslis frá svæðinu þar sem um mengandi iðnað er að ræða og því mikilvægt að fráveita fari í lokað kerfi en tengist ekki blágrænum ofanvatnslausnum innan svæðisins. Jákvæð áhrif á ásynd þar sem nýtingarhlutfall á lóðinni er lækkað úr 0,3 niður í 0,2. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, þar sem neikvæð áhrif eru lágmarkuð, hefur breytingin í heild sinni óveruleg áhrif á umhverfið.

Vegna þeirra umhverfisþátta sem starfsemin getur hugsanlega haft áhrif á þá er talið mikilvægt að skilyrða vöktun og eftirlit á eftirfarandi þáttum. Vöktun skal fara fram af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

- Vöktun vegna frárennslis frá svæðinu.
- Vöktun vegna lyktarmengunar vegna nálægðar við útivistarsvæði og íbúðarbyggð.
- Hvort farið sé eftir skilmálum hvað varðar ásynd, hönnun og frágang á svæðinu.
- Hvort víðeigandi úrgangsstjórnun sé á svæðinu.
- Aðlaga skal vöktun í samræmi við þá starfsemi sem er á svæðinu á hverjum tíma.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi

við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__

og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athuga-

semdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

REYKJAVÍK

REYKJAVÍK

LANDMÓTUN.

ATHAFNASVÆÐI KJALARNESI ESJUMELAR - VARMIDALUR

BREYTING Á DEILISKIPULAG

SKIPULAG: ÖÖG
TEIKNAD: ÖÖG
SAMÞYKKT

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARNR: 1-4000
VERNRN: _____

0000-D1404A

SKIPULAG: ÖÖG
TEIKNAD: ÖÖG
SAMÞYKKT

KEI
KÓPAVOGUR
Dags: 13.2.2019

TEIKN NR: _____
Br: _____

D01_brc



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg -Umhverfis- og skipulagssvið
Haraldur Sigurðsson
Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík

22. maí 2019

MÍ201904-0018/ 6.08 / O.I.

Efni: Esjumelar-breyting á aðal- og deiliskiplagi. Deiliskipulagsreitir AT5 a-b. Breytt skilgreining landnotkunar.

Með bréfi dagsettu 1. apríl 2019 óskaði Haraldur Sigurðsson, fyrir hönd Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á aðal- og deiliskiplagi á Esjumelum á Kjalarnesi. Deiliskipulagssvæðið er austan og vestan við Vesturlandsveg og var það áður skilgreint sem ein heild undir heitinu AT5, en með breytingunni verður því skipt í tvö undirsvæði, AT5a (suðursvæði) og AT5b (norðursvæði) og er landnotkun jarfnframt endurskilgreind. Í eftirfarandi umfjöllun verður þó fjallað um svæði AT5 sem heild, austan- og vestan við Vesturlandsveg.

Sá hluti svæðis AT5 sem er austan við Þjóðveg 1, kom til kasta Minjastofnunar árið 2015 þegar óskað var eftir umsögn Minjastofnunar vegna deiliskipulagslýsingar (dagsett 5. Maí 2015) á því sem dagsett var 5. Maí 2015. Umrætt svæði nær yfir mela og flóamýri, þar sem litlar líkur þóttu á að fornleifar væri að finna. Þótti af þeim sökum ekki ástæða til að krefjast nákvæmrar fornleifaskráningar á svæðinu og var það því tekið út af starfsmönnum Minjastofnunar þann 12. júní 2015. Engar fornleifar fundust við úttektina og var þeim niðurstöðum lýst í umsögn til Umhverfis- og skipulagssviðs sem dagsett var 19. júní 2015 (tilvísun: MÍ201506-0072). Minjastofnun gerir því ekki frekari athugasemdir við þennan hluta svæðisins í ljósi ofangreindra breytinga.

Ekki var farið fram á umsögn árið 2015, vegna þess hluta skipulagssvæðisins sem er vestan Þjóðveg 1. Samkvæmt upplýsingum frá Önnu Lísu Guðmundsdóttur verkefnastjóra fornleifa hjá Borgarsögusafni, sem farið hefur um svæðið, eru aðstæður svipaðar og austan við Þjóðveginn, framræstar mýrar og uppgrónir melar þar sem litlar líkur eru á að fornleifar sé að finna. Var af þeim sökum ekki talin þörf á hefðbundinni forleifaskráningu og var svæðið tekið út á vettvangi af undirrituðum. Fundust engar minjar við þá könnun.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi reita AT a-b.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
(skipulag@reykjavik.is)
Haraldur Sigurðsson (haraldur.sigurdsson@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Efni: Breyting á aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030 og deiliskipulagi – Esjumelar í Reykjavík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 og deiliskipulagi fyrir athafnasvæðið við Esjumela í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að rýmka heimildir fyrir iðnað innan athafnasvæðisins sem talinn er geta haft mengun í för með sé, en ekki er gert ráð fyrir að starfsemin sem getur haft neikvæð áhrif á útivistarsvæði og nærliggjandi íbúðarbyggð. Auk þess kemur fram að innan þeirra lóðar, D-melur 1, sem breytingin nær til mun Íslenska Gámafélagið vera með starfsemi sína.

Lýðheilsa

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í umhverfisskýrslu tillögunnar að óvissa er um hvort meiri lyktarmengun sé af iðnaðarstarfsemi en af athafnastarfsemi, og fara áhrifin eftir því hvers konar starfsemi verði á svæðinu.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að gerð er krafa um að svæðið verði afgirt og gróðri komið fyrir á lóðarmörkum til að minnka ásýnd af athafnarsvæði og nærliggjandi útivistarsvæði á iðnaðarlóðina. Auk þess kemur fram að markmið breytinganna er að tryggja aukið framboð lóða fyrir mengandi iðnað sem er víkjandi af eldri iðnaðarsvæðum í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að neikvæð sjónræn áhrif svæðisins sé haldið í lágmarki þar sem að sjónrænna áhrifa er nú þegar farið að gæta innan svæðisins og frá Vesturlandsvegi.

Votlendi

Í umhverfisskýrslu kemur fram að stór hluti, á norðausturhluta, athafnasvæði AT5 er skilgreint sem votlendi, 20.000 m² eða stærra, skv. kortlagningu NÍ sem tiltekið náttúrufyrirbæri sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru votlendisvistgerðirnar starungsmýravist og tjarnastararflóavist sem eru með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í ofangreindum vistgerðum er ríkulegt fuglalíf og eru algengustu varpfuglar lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*). Umhverfisstofnun bendir á að m.a. er lóupræll er á lista Bernarsamningsins yfir forgangstegund fugla sem þarfnast verndar og spói er ábyrgðartegund Íslands.

Umhverfisstofnun telur hins vegar að samkvæmt kortlagningu NÍ (<https://serstokvernd.ni.is/>) falli votlendið ekki undir skilgreiningu 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í breytingartillögum að öll meðhöndlun úrgangs þurfi að vera skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og bendir stofnunin sérstaklega á 7. gr. laganna um forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun vill benda á landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999 og í dag er á svæðinu lítið hreinsivirki/rotþró með útrás sem opnast í Kollafjörð. Auk þess kemur fram að Kollafjörður er ekki á verndarsvæði en hefur verið skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki. Umhverfisstofnun telur það vera óskýrt á hvaða forsendum Kollafjörður sé skilgreindur sem viðkvæmur vitaki í tillögum.

Í greinargerð kemur fram að eingöngu má tengja frárennsli úr byggingum og yfirbyggðum svæðum inn á skólplagnir en ofanvatn frá lóð tengist í regnvatnslagnir eftir viðunandi hreinsun innan lóða. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin gerir ráð fyrir að kröfur verða settar í starfsleyfi um hreinsun á fráveitu frá þeim svæðum þar sem spillfni eru meðhöndlun hvort sem það er innan dyra eða utan.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur

